

Tilkynning frá Kristjáni L. Möller

Skýrslan hefur komið að góðum notum

Skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um fjárhæð veggjalda um Vaðlaheiðargöng var síður en svo stungið undir stól eins og látið er að liggja í Morgunblaðinu í dag. Skýrslan var kynnt í ríkisstjórn sumarið 2010. Í frumvarpi til laga um stofnun opinbers hlutafélags um vegaf framkvæmdir var þess getið að Hagfræðistofnun væri að vinna að mati á fjárhæð veggjalda til að standa undir framkvæmdakostnaði. Einnig hefur verið upplýst opinberlega að til væri reiknilíkan frá Hagfræðistofnun um fjárhæð veggjalda. Þegar formlegar viðræður hófust af hálfu ríkisins um fjármögnun vegaf framkvæmda við lífeyrissjóði fengu ráðgjafar ríkisins skýrsluna einnig afhenta ásamt öðrum skýrslum sem gerðar höfðu verið. Með hliðsjón af skýrslunni var forsendum lánatilhögunar m.a. breytt. Skýrslan hefur því komið að góðum notum og verið aðgengileg á vefsvæði Hagfræðistofnunar með hjálp leitarvéla.